

## Good Life Goals

**Stór og smá atriði sem allir geta framkvæmt til þess að stuðla að heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun.**

### Hvað eru heimsmarkmiðin?

Heimsmarkmiðin eru metnaðarfullsta áætlun um sjálfbæra þróun sem lönd heimsins hafa nokkurn tímann tileinkað sér. Markmið áætlunarinnar er að ná fjórum meginmarkmiðum fyrir árið 2030: Að útrýma sárafátækt; Að draga úr óréttlæti og ójafnrétti í heiminum; Að stuðla að friði og réttlæti; Að leysa loftslagsvandann. Heimsmarkmiðin eru ætluð löndum heimsins, fyrirtækjum og samtökum.

### Hvað eru the Good Life Goals?

The Good Life Goals gefa öllum manneskjum einstaklingsmiðaðann kost á því að hjálpa til við að ná heimsmarkmiðunum. Þau stinga upp á aðgerðum sem allir geta nýtt til þess að stuðla að sjálfbærri þróun. The Good Life Goals eru fimm tillögur til lífsstílsbreytinga fyrir hvert heimsmarkmið. Þessar samanlagt 85 tillögur eru beintengdar við hin 169 markmið og viðmið heimsmarkmiðanna.

### Yfirlit

The Good Life Goals taka saman markvissar aðferðir til þess að aðlaga heimsmarkmiðin að okkur sem einstaklingum. Þau gefa öllum ríkisstjórnnum, frjálsum félagasamtökum og fyrirtækjum kost á að tengja heimsmarkmiðin við líf fólks og athafnir, samhliða því að þau eru áhrifamikil samskiptaverkfæri.

Hver útfærsla á tillögu er valin út frá sérstökum viðmiðum, meðal annars að aðgerðin:

- Hafi bein áhrif á að heimsmarkmiðinu sé náð, sé þessari aðgerð beitt í auknum mæli.
- Sé framkvæmanleg af fólki með ólíka innkomu, alstaðar í heiminum.
- Sé á auðskiljanlegu máli sem nái til allra.

Heimsverkefni SP um sjálfbært lífverni og menntun og Futerra þróuðu Good Life Goals, með stuðningi ríkisstjórna Japan og Svíþjóðar, IGES, SEI, UNESCO, UN Environment og WBCSD, til þess að hjálpa yfirvöldum, fyrirtækjum, borgaralegu samfélagi, frumkvöðlum og kennurum að virkja einstaklinga í því að skilja og byggja sína ákvarðanatöku á heimsmarkmiðunum.



## Uppbygging

Öll Good Life markmið fylgja sama mynstri. Fyrst er einföld fyrirsögn, síðan 5 aðgerðir:

- Fyrsta snýst um að læra. Þetta er einfaldasta aðgerðin sem jafnvel börn eða fólk með skerta þáttökumöguleika geta tileinkað sér.
- Næstu þrjár snúast um aukna áskorun um breytta hegðun þegar kemur að lífsstílsbreytingu / kostnaði / venjum. Að minnsta kosti ein aðgerð reynir að vera jákvæð / upplífandi / töff (þegar það er hægt). Næst síðasta aðgerðin er sú sem hefur mest áhrif og jafnframt sú erfiðasta.
- Síðasta aðgerðin er að krefjast þess að yfirvöld byggi ákvarðanatöku á aðgerðum sem hlúa að markmiðinu.

**Ýtarlegri upplýsingar, til að mynda upplýsingar um það hvernig valið á aðgerðum einstaklinga fór fram, er hægt að sjá í „Handbókinni“, sem er að finna á [www.sdghub.com/goodlifegoals](http://www.sdghub.com/goodlifegoals) (stutt útgáfa á íslensku, heildarupplýsingar eru bara til á ensku).**

## Aðgengilegt efni

Eftirfarandi efni er hægt að nálgast á: [www.sdghub.com/goodlifegoals](http://www.sdghub.com/goodlifegoals)

1. The Good Life Goals HANDBÓK, sem inniheldur almennt yfirlit, öll 17 Good Life-markmiðin með 5 aðgerðum fyrir hvert og eitt, og ráð til nokkra hagsmunaaðila, þar á meðal yfirvalda (UNEP), viðskiptalífið (WBCSD), menntunaraðila (UNESCO) og frumkvöðla (Futerra).
2. Stutt innblástursmyndbönd (1-mínúta eða 30-sekúndna Instagram-útgáfa).
3. Teikningar af hinum 17 Good Life Goals tjámerkjum, + 17 einstökum hreyfimyndum af tjámerkjunum.
4. Verkfærakassa fyrir fjölmiðla og efni fyrir samfélagsmiðla.
5. Skjöl sem hægt er að prenta út, þar á meðal einföld póstkort sem sýna öll Good Life Goals tjámerkin, og „Good Life Goals-spilið“ með öllum markmiðum og aðgerðum.



## Vægi fyrir fyrirtæki

Good Life-markmiðin bjóða uppá nýja leið til þess að sjá heimsmarkmiðin og tengsl þeirra við eigin fyrirtæki.

**Samband við viðskiptavinum:** The Good Life Goals aðstoða fyrirtæki við að skilja hvernig aðgerðir og lífsstíll þeirra kúnna tengjast heimsmarkmiðunum. Þessi vitneskja getur síðan á einfaldan hátt hjálpað vörumerkinu að benda viðskiptavinum á þær jákvæðu aðgerðir sem tengjast þeirra vörum og þjónustu og stuðla að sjálfbærri þróun.

**Starfsmaðurinn:** The Good Life Goals gefa einnig fyrirtækjum einföld verkfæri sem þau geta nýtt til þess að ná til starfsmanna, stuðla að aukinni vitneskju um heimsmarkmiðin og skapa hegðanavenjur sem passa við þeirra markmið.

**Nýsköpun:** The Good Life Goals má nýta í vörupróun til þess að stuðla að sjálfbærum lífsstíl. Þau hjálpa fyrirtækjum að skilja hvernig þeirra vörur hafa áhrif á lífsstíl fólks og benda á möguleikum fyrir nýsköpun.

## Skilmálar

The Good Life Goals eru skráð sem Creative Commons, sem þýðir að þau eru aðgengileg öllum - að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Creative Commons-leyfið gefur ekki heimild til breytinga á efninu, en leyfir dreifingu þess, bæði í atvinnuskyni og til einkanota. Það er kostnaðarlaust að nota og dreifa efninu, að því gefnu að því sé ekki breytt. Þegar kemur að notkun eða dreifingu efnisins skal höfundar alltaf getið. Dæmi um þetta má finna í handbókinni.

